

Á R S S K Ý R S L A

B. T. Í.

1975.

Skýrsla stjórnar.

3. þing B.T.Í. var haldið 7. nóv. '74, í Leifsbúð að Hótel Loftleiidum. 23 fulltrúar sóttu þingið, sem fór fram samkv. fastri dagskrá og stóð yfir lengi dags, enda urðu miklar umræður um tillögu laga- og leikreglnanefndar um keppnislög, og sérstaklega um þann lið þeirra, sem fjallaði um flokkaskiptinguna og punktamót. Tillaga laganefndar var samþykkt með fyrirvara og var því síðastliðinn vetur hinn fyrsti, þar sem keppt var eftir punktakerfi, og flokkaskiptinu. Byrjuðu allir í III flokki, en eftir tvö mót, náði einn leikmaður, Gunnar Finnbjörnsson, Erninum þeim stigafjölda, sem færði hann upp í annan flokk. Varð það ekki fyrr en í síðustu punktamótunum, að þrír aðrir náðu sama árangri. Segja má, að jákvæðar árangur hafi náðst, með þessu fyrirkomulagi móta, og að leikmenn séu ánægðir í heildina, enda hefur þessi tilhögun reynst öðrum þjóðum vel, og er staðall í keppnisfyrirkomulagi þeirra, og eins á milli landa. Mikil vinna hvíldi á hendi stjórnar og þá sérstaklega á Pétri Ingimundarsyni við gerð ýmiskonar eyðublaða og skýrslna, vegna móta þessara, og var það brautryðjandastarfs sem sambandið býr að á komandi tímum. Íslenskt borðtennisfólk fór til Færeyja í nóvember til keppni við vini sína þar í karla, kvenna og unglíngaflokkum. Sigrúður Íslendingar öll mótin, í öllum flokkum og urðu efstir í einstaklings mótum. Má því segja að hefnt hafi fyrir heimsókn Færeyinga hingað í júní sumarið áður, þar sem Færeyingar sigruðu. Þrír íslendinganna, þeir Hjálmar Aðalsteinsson, K.R., Björgvin Jóhannesson Gerplu og Jón Sigurðsson U.M.F.K. héldu síðan áfram utanför sinni og tóku þátt í S.O.C. í Svíþjóð. Þótt ekki yrði neinir sigrar, varð ferð þeirra lærdómsrík og töldu þeir nauðsynlegt að geta séð alla beztu borðtennismenn heimsins leika og lært af því. Í nóvember 1974 barst B.T.Í. bréf frá Evrópu-sambandi-félagsliða, þar sem þeir buðu B.T.Í. að verða umsækjendur um að halda úrslitaleiki karla og kvenna í þessari keppni í Reykjavík. Tóku þeir fram að umsækjendur væru þegar orðnir sex. Stjórn B.T.Í. fjallaði strax um málið og taldi þetta geta orðið mikinn viðburð fyrir borðtennis-áhugafólk hérlendis, og góð kynning á borðtennis út á við. Að viðhöfðu samráði við Í.S.Í. sótti B.T.Í. um að halda úrslitaleikina hér á landi. Stjórn B.T.Í. gerði sér grein fyrir því, að ef mót þetta yrði haldið hér, yrði það all kostnaðarsamt fyrir fátækt samband, en þar sem þetta yrði fyrstu úrslitaleikir í Evrópubíkarkeppni sem haldnir yrðu hér á landi í nokkuri íþrótt, væri þetta mikill frami fyrir sambandið og mætti búast við mörgum áhorfendum, svo og sjónvarpsupptöku af leikjunum sem gæfu sambandinu fé í aðra hönd, upp á móti kostnaði. Umsókn B.T.Í., um að halda úrslitin hér, var svo samþykkt, og voru úrslitaleikirnir haldnir í Íþróttahúsi Kennaraháskóla Íslands, þann 21. júní. Þau lið sem kepptu til

úrslita, voru Ungverjar og Svíar í karlaflokk, og Ungverjar og Júgu slavar í kvennaflokk. Meðal ungverjanna var einn heimsmeistari. Mótið fór mjög vel fram, og sigruðu ungverjar í báðum flokkum 5-4 í karlaflokk og 5-2 í kvennaflokk. Var fjöldi innlendra og erlendra gesta, enn ekki eins mikið af hinum almenna áhorfenda. Þar sem leikirnir fóru fram á laugardagskvöldi, gat sjónvarpið ekki mætt til leiks, og brugðust þar með þeir tekjumöguleikar, sem B.T.Í. hafði gert ráð fyrir, um leið, og það sem meira er um vert, að myndspólur af svo mikilfengnum, og skemmtilegum leikjum skulu ekki vera til. Fannst hinum erlendum gestum þetta furðulegt, og ekki hægt að skýra út fyrir þeim að sjónvarpsupptökur færu ekki fram hérlendis á laugardagskvöldum, enda var enginn sem skildi, eða gat skýrt það.

Þar sem skuldir sambandsins urðu all verulega vegna þessa, tók stjórn B.T.Í. þá ákvörðun, þegar umræður urðu um þátttöku í norðurlandamótinu í Finnlandi, að taka ekki þátt í því að þessu sinni, og tilkynnti það til Finnlands.

Eftir að það skeði og einungis nokkrir dagar voru til móts fóru þrír menn þess á leit við B.T.Í., að þeir fengju að fara á eigin vegum á mótið. Þar sem þessir menn voru meðal fremstu borðtennismanna á undangengnu keppnistímabili, var samþykkt að þeir gætu farið á eigin vegum, enda var leitt til þess að hugsa, að við skyldum ekki vera þátttakendur, ekki síst þar sem Færeyingar ætluðu að vera með í fyrsta skipti.

Ólafur H. Ólafsson tók að sér, að sitja fund norræna borðtennisráðsins. Ekki hefur B.T.Í. borist skýrsla frá Finnlandsförum, enda eru utanfararnir ný komnir heim.

Innlend mót svo sem héraðsmót, Íslandsmót, flokkamót, og punktamót, urðu fjölmenn og fjölmörg, sem sjá má á öðrum stað hér í skýrslunni.

Á fundi sem haldinn var 7. 1. '75 var Jón Sigurðsson Ú.M.F.K. valinn íþróttamaður ársins í borðtennis 1974, samkvæmt tillögu B.T.Í. Var hann vel af þessu vali komin og hafði staðið sig vel á undan gengnu keppnistímabili.

Val borðtennismans ársins 1975 er fyrr á ferðinni en áður, og varð stjórn B.T.Í. að tilkynna valið nú um þessi mánaðarmót. B.T.Í. var ljúft að tilkynna val sitt fyrir 1975, því þar var einn maður sem skaraði sérstaklega framúr á liðnu ári, bæði sem sigurvegari í felstum mótum sem hann tók þátt í, og áhuga sem hann síndi borðtennis. Þessi borðtennismaður ársins 1975 er Gunnar Finnbjörnsson Erninum. Þess má geta að hann gat ekki tekið þátt í nema tveim fyrstu punktamótunum, þar sem hann fékk þá strax þann fjölda stiga sem nægðu honum til að færast upp í annan flokk.

Tvær nefndir hafa starfað á tímabilinu, mótanefnd og fjáröflunarnefnd, og störfuðu báðar þessar nefndir vel.

Mótanefnd skipulagði keppnisstarfssemina fyrir s.l. vetur, og er þegar tekin til starfa fyrir tímabilið sem er hafin.

Fjáröflunarnefnd reyndi mikið til fjáröflunar fyrir sambandið, þótt svo árangur hafi ekki orðið mikill. Þarf meiri samstaða að vera á meðal borðtennismanna að vera um fjáröflun, svo að fjárskortur standi sambandinu ekki fyrir þrifum.

Vill stjórn B.T.Í. þeim mönnum þakka sem störfuðu í þessum nefndum, svo og öllum þeim sem lögðu sitt að mörkum til eflingar borðtennis í landinu, þeirra störf.

Svo sem sjá má hefur starfsemi B.T.Í. verið fjölmikil á síðastliðnu starfsári, og þáttaskil í sögu þess. Er það von núverandi stjórnar B.T.Í., að borðtennis á Íslandi haldi áfram að eflast og dafna, og er stjórnin þess full viss, að meðal Íslendinga sé þegar kominn viss kjarni af góðum leikmönnum, og munu borðtennismenn Íslands vera þekktir sem góðir borðtennisleikarar sem og í öðru.

Borðtennissamband Íslands.

Efnahagsreikningur þrjú 31. okt. 1974 til 31. okt. 1975.

Eignir.

Sjóður og banki	1.005.00
Útistandandi ógr. styrkur frá Í.S.Í.	64.932.00
Ritvél	16.500.00
Húsgögn	11.900.00
2 stk. borðtennisborð	200.000.00
Höfuðstóll þrjú 31.10. '75	
451.393.40 + 2.509.40	448.884.00
	<u>743.221.00</u>

Skuldir.

Sveinn Áki Lúðvíksson	8.005.00
Sveina Sveinbjörnsdóttir	18.000.00
Víxilskuld	135.000.00
Prentsm. Árna Valdimarssonar	57.234.00
Loftleiðahótel	463.363.00
Leiga vegna Íslandsmóts Laugardalshöll	42.419.00
Morgunblaðið	19.200.00
	<u>743.221.00</u>

Ofanritaðan efnahagsreikning hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert,

Reykjavík 6. nóv. 1975.

Sigurður Hall.

Borðtennissamband Íslands.

Rekstrarreikningur pr. 31. okt. 1974 til 31. okt. 1975.

Tekjur.

Styrkur Í.S.Í.	282.818.50
Styrkur vegna skatttekna Í.S.Í.	8.600.00
Spjaldhappadrætti	9.160.00
Vaxtatekjur	723.50
Sýningartekjur vegna sjónvarps	15.000.00
Tekjur vegna fjáröflunar	8.257.00
Tap samkv. rekstrarreikn.	<u>451.393.40</u>
	<u>775.952.50</u>

Gjöld.

Tap á heimsókn meistaraliða Evrópu	313.057.00
Tap á Færejarför	79.729.00
Tap vegna móta innanlands	7.314.00
Prentun pappír og ritföng	197.218.00
Húsaleiga í Íþróttamiðstöð Laugardal	31.080.00
Félagsgjöld	30.930.00
Gjafir	7.500.00
Ferðakostnaður	6.370.00
Auglýsingar	19.200.00
Sími og uppsetningarkostnaður	27.169.00
Gardínur	7.285.00
Bækur og tímarit	12.192.00
Þingkostnaður	10.750.00
Ræsting	13.766.00
Vaxtagjöld	<u>12.392.50</u>
	<u>775.952.50</u>

Ofanritaðan rekstrarreikning hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 6. nóv. 1975.  
Sigurður Hall.

## Borðtennis kynntur út á landi.

### Vestfirðir.

Í marz s.l. fóru Sveina Sveinbjörnsdóttir að tilstuðla B.T.Í. og Héraðssambands V-Ísfirðinga, um vestfirði til að kynna og leiðbeina í borðtennis. Var farið að Holti í Önundarfirði, Héraðsskólanum að Núpi, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Var þátttaka mjög góð hjá öllum aldursflokkum. T.d. fengu nokkrir strákar að Núpi frí frá kennslu að laugardagsmorgni, til að geta notið þessa fyrirgreiðslu sem bezt.

### Borgarfjörður.

Í byrjun apríl s.l. fóru Sveina Sveinbjörnsdóttir, Björgvín Jóhannesson og Pétur Ingimundarson að Varmlandandi og kenndu borðtennis í eina kvöldstund. Var þátttaka og áhugi mjög mikill.

Þetta varð til þess að Ungmennasamband Borgarfjarðar hélt héraðsmót í borðtennis.

Þá hélt Héraðssambandið Skarphéðinn sitt fyrsta héraðsmót s.l. vetur.

Á báðum þessum mótum voru mótsstjórar og dómarafrá B.T.Í.

Þá var borðtennis einnig kynntur á landsmóti U.M.F.Í á Akranesi s.l. sumar. Verður það örugglega til þess að fleiri félög og héraðssambönd taki þessa íþróttagrein á sína stefnuskrá.

Úrslit móta.

Jólamót U.M.F.K. 31 þátttakandi punktamót.

1. Gunnar Finnbjörnsson Ö. 21-18 22-20
2. Jón Sigurðsson U.M.F.K.
- 3-4. Ragnar Ragnarsson Ö.
- 3-4. Jónas Kristjánsson Ö.

Arnarmót 64 þátttakendur punktamót (tvöföld umferð)

1. Gunnar Finnbjörnsson Ö 21-8 21-16
2. Jón Sigurðsson U.M.F.K.
- 3-4. Ólafur Ólafsson Ö.
- 3-4. Hjálmar Aðalsteinsson K.R.

K.R. punktamót 54 þátttakendur.

1. Björgvin Jóhannesson Gerplu 21-14 21-14 21-18
2. Ragnar Ragnarsson Ö.
- 3-4. Tómas Guðjónsson K.R.
- 3-4. Hjörtur Jóhannsson U.M.F.K.

Unglingamót K.R. 15-17 ára 28 þátttakendur.

1. Gunnar Finnbjörnsson Ö. 22-20 23-21
2. Einar Ólafsson Ö.
- 3-4. Hjörtur Jóhannsson U.M.F.K.
- 3-4. Rúnar Óskarsson U.M.F.K.

15 ára og yngri. 45 þátttakendur.

1. Tómas Guðjónsson K.R. 21-18 21-13
2. Hjálmtýr Hafsteinsson Kr.
- 3-4. Sveinbjörn Árnason Ö.
- 3-4. Bjarni Friðriksson U.M.F.K.

Arnarmót punktamót 49 þátttakendur.

1. Jón Sigurðsson U.M.F.K. 21-16 21-18
2. Ragnar Ragnarsson Ö.
- 3-4. Hjörtur Jóhannsson U.M.F.K.
- 3-4. Björgvin Jóhannesson Gerplu.



Íslandsmeistaramót B.T.Í.

Karlaflokkur 30 þátttakendur.

1. Ólafur Ólafsson Ö. 16-21 22-20 21-17
2. Gunnar Finnbjörnsson Ö.
3. Hjálmar Aðalsteinsson K.R.

15 - 17 ára.

1. Gunnar Finnbjörnsson Ö. 18-21 21-13 9-21 21-15 21-14
2. Hjörtur Jóhannsson U.M.F.K.
3. Stefán Konráðsson Gerplu.

13 - 15 ára 36 þátttakendur.

1. Tómas Guðjónsson K.R. 21-14 14-21 14-21 21-14 23-21
2. Hjálmtýr Hafsteinsson K.R.
3. Sveinbjörn Árnason Ö.

13 ára og yngri. 30 þátttakendur.

1. Bergsveinn Ólafsson Ö. 21-14 21-13 21-13
2. Hermann Kristjánsson Gerplu
3. Árni M. Hannesson H.S.K.

Stúlkur 7 þátttakendur.

1. Bergþóra Valsdóttir Ö. 21-19 21-12 17-21 21-18
2. Ólöf Bjarnadóttir Ö.
3. Ásta Urbancic Ö.

Kvenna. 8 þátttakendur.

1. Ásta Urbancic Ö 8-21 21-9 22-20 21-11
2. Guðrún Einarsdóttir Gerplu
3. Sveina Sveinbjörnsdóttir Gerplu

Old boys 6 þátttakendur.

1. Jósep Gunnarsson K.R. 11-21 21-9 21-15 21-23 21-18
2. Aðalsteinn Eiríksson Ö.
3. Þórður Snæbjörnsson H.S.K.

Tvíliðaleikur.

Karlar 11 pör.

- Hjálmar Aðalsteinsson K.R. 21-16 21-19  
Finnur Snorrason K.R.  
Ólafur Ólafsson Ö.  
Birkir Þ. Gunnarsson Ö.

- Ragnar Ragnarsson Ö.  
Björgvin Jóhannesson Gerpla.

Tvíliðaleikur frh.

Unglingar 13 pör.

1. Einar Ólafsson Ö.  
Setfán Konráðsson Gerplu 16-21 21-13 21-17
2. Gunnar Finnbjörnsson Ö.  
Jónas Kristjánsson Ö.
3. Tómas Guðjónsson K.R.  
Hjálmtýr Hafsteinsson K.R.

Kvenna 5 pör.

- Sveina Sveinbjörnsdóttir Gerplu  
Guðrún Einarisdóttir Gerpla 21-16 13-21 21-9
2. Bergþóra Valsdóttir Ö  
Ólöf Bjarnadóttir Ö.
  3. Karolína Guðmundsdóttir Ö.  
Laufey Gunnarsdóttir Ö.

Tvendarkeppni 8 pör.

1. Guðrún Einarisdóttir Gerpla  
Björgvin Jóhannesson Gerpla 21-17 21-17
2. Sveina Sveinbjörnsdóttir Gerpla  
Stefán Konráðsson Gerpla
3. Ásta Urbancic Ö.  
Ragnar Ragnarsson Ö.

Flokkakeppni.

karlar. 6 lið.

1. Örninn
2. Gerpla
3. U.M.F.K.

Kvenna. 4 lið.

1. Gerpla
2. Örninn
3. K.R.
4. Umf. Bessastaðahrepps.

